

REGLUGERÐ

179

9. nóv.

um breyting á reglugerð nr. 181 3. okt. 1953, um hina almennu deild
hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins.

1. gr.

Töluliður 15 og 25 í b-lið reglugerðarinnar orðist svo:

15. svæði: Arnarfjörður

1. janúar — 31. maí

1. október — 15. desember

25. svæði: Ólafsfjörður

1. marz — 30. nóvember

2. gr.

Með reglugerð þessari fellur úr gildi töluliður 25 í 1. gr. reglugerðar nr. 75
30. apríl 1957, um breyting á reglugerð nr. 181 3. október 1953.

Reglugerðarbreyting þess er gerð samkvæmt lögum nr. 48 25. maí 1949, um
hlutatryggingasjóð bátaútvegsins, og öðlast gildi þegar í stað.

Sjávarútvegsráðuneytið, 9. nóvember 1957.

Lúðvík Jósepsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

180

14. nóv.

um staðfestingu á reglum nefnda til úthlutunar bóta samkvæmt lögum
um atvinnuleysistryggingar.

Samkvæmt lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar, hefur ráðu-
neytið staðfest reglugerð fyrir eftirtalдар úthlutunarnefndir atvinnuleysisbóta, sbr.
auglýsing ráðuneytisins nr. 16, B-deild Stjórnartíðinda, 7. febrúar 1957:

13. Nefnd Verkamannafélagsins Fram og Verkakvennafélagsins	Staðfest:
Brynja, Seyðisfirði	24. júní 1957.
14. Nefnd Verkalýðsfélagsins Bjarmi, Stokkseyri	18. júlí 1957.
15. Nefnd Verkamannafélagsins Baldurs, Ísafirði	8. nóv. 1957.
16. Nefnd Verkamannafélags Raufarhafnar, Raufarhöfn	8. — 1957.

Félagsráðuneytið, 14. nóvember 1957.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.